

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: fimmtudagur, 24. maí 2018 23:06
To: Þórhallur Örn Hinriksson (th@arnarlón.is)
Cc: Finnbogi Kristjánsson; Sigfríð Andradóttir
Subject: 1609021 - Bókun á 161. fundi

One: -1



Á fundi sveitarstjórnar fyrr í dag var eftirfarandi bókað:

Sala eigna - Laugar og Sælingsdalstunga - 1609021

Á 160. fundi sveitarstjórnar þann 17. apríl ákvað sveitarstjórn að slíta viðræðum við Arnarlón ehf. þar sem á gögnum sem fyrir fundinum lágu mátti greina að veðskuldabréf fyrir lokagreiðslu Arnarlóns væri tryggt með 3ja veðrétti en ekki 1. eða 2. veðrétti eins og sveitarstjórn hefur krafist frá upphafi viðræðna milli aðila í desember 2017.

Arnarlón ehf. mótmælti þessari afgreiðslu þann 20. apríl sl. þar sem tilboðsgjafi hafi fallið frá öllum fyrirvörum innan þess frests sem samþykktur hafði verið.

Þann 13. maí leggur Arnarlón ehf. fram tillögu að lausn til þess að klára viðskiptin milli Arnarlóns ehf. og Dalabyggðar um Laugar í Sælingsdal og Sælingsdalstungu.

Auk tölvupósts Arnarlóns frá 13. maí sl. liggur fyrir fundinum tölvupóstur frá sama aðila frá 18. maí, opið bréf Eyjólfis Ingva Bjarnarsonar til sveitarstjórnar dags. 21. maí og svar sveitarstjórnar frá 23. maí sl.

Til máls tóku: Sigurður Bjarni, Valdís, Eypór, Þorkell, Ingveldur,

Oddviti hefur f.h. sveitarstjórnar mótttekið eftirfarandi ályktun:

"Í samræmi við 64. gr. samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar óskum við undirrituð eftir því að almenn atkvæðagreiðsla fari fram um mál nr. 1609021 - sala eigna - Laugar og Sælingsdalstunga sbr. tillögu Arnarlóns ehf. frá 13. maí sl. um lausn á málinu.

Við erum á móti því að Dalabyggð veiti seljendalán."

Undir þetta hafa ritað 213 íbúar sveitarfélagsins.

Tillaga:

Sveitarstjórn telur að tillaga Arnarlóns ehf. frá 13. maí sl. með viðbótum frá 18. maí sé ágætlega til þess fallin að ljúka sölunni og þar með renna stoðum undir uppbyggingu íþróttamannvirkja við Auðarskóla eins og stefnt hefur verið að.

Í ljósi umræðu í samfélaginu og á samfélagsmiðlum og nýfenginna undirskrifa er hins vegar lagt til að málinu verði vísað til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar sem tekur við stjórn sveitarfélagsins þann 10. júní næstkomandi.

Samþykkt í einu hljóði.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake
